

# ORKUSJÓÐUR

## Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2021

Átak ríkisstjórnar, fjármagnað af ANR og UAR ráðuneytum ásamt Orkusjóði. Heildarfjárhæð til úthlutunar er **320 m.kr.**

**Verkefnastyrkir.** Styrkir geta að hámarki numið **33%** af áætluðum stofnkostnaði við kaup á tækjum og búnaði honum tengdum.

1. Verkefni sem minnka verulega eða skipta alveg út jarðefnaeldsneyti í framleiðslugreinum, matvælaíðnaði og sjávarútvegi, t.d. olíunotkun í þurrkurum, í dísilvélum eða við bræðslu.
2. Líf- eða rafeldsneytisframleiðsla (t.d. vetni) og/eða orkugeymsla.
3. Stuðningur við kaup á flutningabílum sem nota vistvænt eldsneyti eða til uppbyggingar innviða sem stuðla að notkun endurnýjanlegs eldsneytis fyrir slík farartæki.
4. Stuðningur við kaup á vinnuvélum sem nota vistvæna orku.

**Innviðastyrkir.** Styrkir geta að hámarki numið **50%** af áætluðum stofnkostnaði tækis og búnaðar honum tengdum.

1. Uppsetning hleðslustöðva (viðmið 22 kW) við gististaði og fjölsóttta ferðamannastaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkuppghæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

## Umsóknafrestur er til 30. júní 2021

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: [gattin.os.is](https://gattin.os.is)

**Orkusjodur.is**



ORKUSTOFNUN

ORKUSJÓÐUR